

AUGLÝSING

um skipulag á Akureyri.

Breyting á deiliskipulagi Oddeyrar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 2. september 2003 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi reits nr. 6593 á Oddeyri. Breytingin varðar norðausturhluta reitsins, þar sem fyrra deiliskipulag gerði ráð fyrir tveimur nýjum parhúsum á aðskildum lóðum. Meginbreytingin er sú að bæði þessi hús verða fjölbýlishús með 4 íbúðum í hvoru og þau standa á einni sameiginlegri lóð.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 14. nóvember 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Smáratorg 3. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 22. apríl 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi á lóð Smáratorgs við Dalveg (merkt 3). Í tillögunni felst að byggt verði skrifstofu- og verslunarhús á suðurhluta lóðarinnar (að Fífuhvammsvegi) að heildarflatarmáli um 20.000 m² þar af um 7.500 m² í bílageymslukjallara, rúmir 4.000 m² í einnar hæðar verslunarhúsnæði og rúmir 8.000 m² í skrifstofuturni sem mun rísa 19 hæðir upp úr verslunarhúsnæðinu. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:500, 1:1000 og 1:5000 dags. 25. ágúst 2002 ásamt greinargerð og skýringarmyndum. Á fundi skipulagsnefndar 15. apríl 2003 var tillagan lögð fram að nýju ásamt framkomnum athugasemdum og ábendingum er borist höfðu á kynningartíma. Skipulagsnefnd samþykkti framlagða tillögu að deiliskipulagi Smáratorgs 3 ásamt umsögn bæjarverkfræðings og skipulagsstjóra, dags. 25. mars 2003 um ofangreindar athugasemdir og ábendingar og vísaði málinu til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Í bókun lagði nefndin jafnframt til við bæjarráð að bæjarverkfræðingi verði falið að leita samninga við lóðarhafa Smáratorgs og Smáralindar um fyrirhugað tengiplan/bílastæði milli Smáratorgs og Smáralindar þ.e. yfir Fífuhvammsveg; að haldið sé opnum þeim möguleika, í skipulagningu aðalगतnakerfisins á svæðinu, að Digranesvegur framlengist í austur undir Reykjanesbraut inn á lóð Linda IV. Þá benti nefndin jafnframt á nauðsyn þess að komið verði fyrir tengingu af Fífuhvammsvegi inn á lóð Smáratorgs. Á ofangreindum fundi bæjarstjórnar var jafnframt áréttuð bókun skipulagsnefndar frá 15. apríl 2003.

Með tilvísan í framkomnar athugasemdir og ábendingar hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi Smáratorgs 3: framsetning gildandi deili-